

Eiríkur Rögnvaldsson:

Nýlegar kennslubækur og handbækur í málfræði

Málvísindastofnun Háskólans hefur á undanförunum árum gefið út á annan tug kennslu- og fræðiritu um íslenska málfræði. Þessi rit henta ekki til kennslu á framhaldsskólastigi, enda ekki til þess ætluð; en mörg þeirra ættu þó að geta komið kennurum á því stigi að góðu gagni. Í mörgum tilvikum er þarna nefnilega um að ræða ítarlegustu lýsingu á tilteknum þáttum íslensks máls og almennrar málfræði sem til er á íslensku.

Fyrst skal nefna tvær endurprentanir yfirlitsrita sem nú eru orðin rúmlega 70 ára gömul, en standa þó enn fyrir sínu; það eru *Íslensk Grammatik* eftir Valtý Guðmundsson og *Íslensk setningafræði* eftir Jakob Jóh. Smára. Þessar bækur höfðu lengi verið uppseldar, þar til Málvísindastofnun réðst í endurprentun þeirra á síðasta áratug. Gildi þeirra felst einkum í því mikla dæmasafni sem þær hafa að geyma, og henta því vel sem uppflettirit.

Þá má nefna fjórar bækur sem beinlínis eru samdar til notkunar í íslenskukennslu við Háskóla Íslands og Kennaraháskólann. Það eru *Íslensk hljóðfræði*, *Íslensk hljóðkerfisfræði* og *Íslensk orðhlutafræði* eftir Eirík Rögnvaldsson og *Setningafræði* eftir Höskuld Þráinsson. Fyrstnefndu bókinni svipar um margt til *Íslenskrar hljóðfræði handa framhaldsskólum* eftir sama höfund, enda er framhaldsskólabókin endurskoðuð og breytt útgáfa af hinni. Háskólabókin er þó ítarlegri um margt, og ætti þannig að geta nýst kennurum sem fræðast vilja frekar um einstök atriði. *Íslensk hljóðkerfisfræði* fjallar um íslenska hljóðkerfið og ýmis hljóðferli málsins, og ætti að geta nýst í tengslum við hljóðfræði- og stafsetningarkennslu. *Íslensk orðhlutafræði* gerir grein fyrir gerð og byggingu íslenskra orða. Bókin lýsir þeim hlutum sem mynda orð (rótum, viðskeytum, forskeytum, beygingarendingum) og tengslum þeirra, sem ýmist geta verið beygingarlegs eðlis eða orðmyndunarlegs.

Í bókinni *Setningafræði* farið ítarlega í ýmis vafaatriði í orðflokkagreiningu, t.d. mörkin milli lýsingarháttu og lýsingarorða, greiningu tilvísunarorða o.fl. Þá er gerð grein fyrir grunngerð íslenskra setninga, og tilbrigðum í innri gerð setningarliða lýst vandlega. Einnig eru sérstakir kaflar um orðaröð, aukasetningar og hlutverk þeirra, o.fl., auk þess sem ýmis hugtök úr hefðbundinni setningafræði eru tekin til athugunar. Bókin er annars skrifuð í anda "generatífrar" málfræði (málmyndunarfræði, ummyndanamálfræði, reglumálfræði, hríslumálfræði), og byggist á mjög svipuðum hugmyndum og bók Ástu Svavarsdóttur, *Setningafræði*, sem notuð hefur verið í framhaldsskólum. Bók Höskuldar er þó mun ítarlegri.

Einnig skal hér nefnd bókinn *Samsettar myndir sagna* eftir Jón G. Friðjónsson, dósent. Sú bók er reyndar sprottin af reynslu höfundar af kennslu útlendinga, en hún nýtist ekki síður þeim sem eiga íslensku að móðurmáli. Til grundvallar bókinni liggur mikil dæmasöfnun höfundar, og í henni er að finna mjög mikinn fróðleik um notkun sagna og sagnasambanda í íslensku; margt af því er ekki til annars staðar á prenti. Þar er einkum að nefna umfjöllun um ópersónulega þolmynd (þar sem frumlag stendur í aukafalli), verknaðarþolmynd (þ.e. þolmynd af áhrifslausum sögnum) og kafla um horf, sem sérstakt nýnæmi er að.

Málvísindastofnun hóf fyrir fjórum árum útgáfu á völdum námsritgerðum, einkum kandidateitritgerðum. Þessar ritgerðir eru oft mikil verk, og í mörgum þeirra er bæði að finna yfirlit um ákveðið svið málfræðinnar og nákvæma frumrannsókn á afmörkuðum þætti þess

sviðs. Nú eru komnar út sjö ritgerðir í þessari ritröð, sem nefnist *Málfræðirannsóknir*. Þær eru:

Kjarnafærsla og það-innskot í aukasetningum eftir Friðrik Magnússon, cand.mag. Í þessu riti er í upphafi fjallað um formgerð setninga almennt, og mun aðalsetninga og aukasetninga sérstaklega. Síðan eru fjölmargir flokkar aukasetninga skoðaðir með tilliti til tveggja atriða; annars vegar hvernig gengur að beita kjarnafærslu í þeim (þ.e. hefja þær á öðrum lið en frumlagi, t.d. andlagi eða atvikslið) og hins vegar hvort hægt er að beita þar það-innskoti (þ.e. hefja þær á "gervifrumlaginu" það). Meginniðurstaðan er sú að munur aðalsetninga og aukasetninga sé minni en oft hefur verið haldið fram, t.a.m. minni en í öðrum norrænum málum.

Um orðaröð og færslur í íslensku eftir Eirík Rögnvaldsson, prófessor. Þetta er yfirlitsrit um grundvallarorðaröð íslensku og helstu tilbrigði við hana. Gerð er grein fyrir hugtakinu *grundvallarorðaröð* og mismunandi merkingum sem í það eru lagðar, auk þess sem grundvallarorðaröð íslensku er ákvörðuð. Síðan eru skoðuð helstu afbrigði frá grundvallarorðaröð, þar sem einstakir liðir eru ýmist hafðir fyrir (vinstri færslur) eða síðar (hægri færslur) í setningu en búast mætti við samkvæmt grundvallarorðaröð. Í síðasta hluta ritsins er svo fjallað um ástæður ýmissa frávika frá grundvallarorðaröð, og er þar komið inn á tengsl setningafræði og stílfræði.

Spurnarsetningar í máli tveggja íslenskra barna (118 bls.) eftir Sigríði Sigurjónsdóttur, lektor. Meginefni ritsins er rannsókn á þróun spurnarsetninga í máli tveggja íslenskra barna þegar þau voru á aldrinum tveggja til þriggja og hálfis árs. Niðurstöður eru fjölbættar en í þeim kemur meðal annars fram að fyrstu spurningar íslenskra barna byrja á orðinu *viltu* og þær gegna flestar hlutverki beiðna.

On Coarticulation and Connected Speech Processes in Icelandic (Um sammyndun og hljóðferli í samfelldu íslensku talmáli; 75 bls.) eftir Pétur Helgason, M.A. Ritið skiptist í þrjú höfuðkafla. Fyrst er fjallað á gagnrýninn hátt um tvær kenningar er almennt varða sammyndun í samfelldu máli og sýnt fram á ýmsa annmarka þeirra. Síðan er fjallað um rannsókn sem höfundur gerði á framburði íslensks samtalsmáls, en hún beindist aðallega að samhljóðabreytingum. Höfundur kemst að þeirri niðurstöðu að brottföll og samföll hljóða í íslensku samtalsmáli séu mun víðtækari og áhrifameiri en oftast er látið í veðri vaka. Að lokum fjallar höfundur um rannsóknir sínar á áherslulausum sérhljóðum í íslensku. Meginniðurstaða hans þar er sú að áherslulaus sérhljóð séu mun miðlægari en áherslusérhljóð og því sé meiri hætta á samfalli áherslulausra sérhljóða en annarra.

Beygingakerfi nafnorða í nútímaíslensku (156 bls.) eftir Ástu Svavarsdóttur, orðabókarritstjóra. Í upphafi ritsins er gerð grein fyrir ýmsum lykilhugtökum í beygingafræði, einkum *formdeild*, *myndani*, *mörkun* og *eðlileika*. Síðan er fjallað um mismunandi lýsingar á beygingakerfi íslenskra nafnorða, annars vegar hefðbundna beygingarflokkun eins og hún birtist í flestum handbókum og kennslubókum í íslensku og hins vegar beygingarlýsingu í anda "generatífrar" málfræði þar sem ýmiss konar reglur eru taldar stjórna beygingu orða. Að því loknu er sett fram tillaga um nýja beygingarflokkun þá er greint frá niðurstöðum athugunar sem höfundur gerði á tíðni og stærð beygingarflokka. Meginniðurstaðan er sú að rúmlega þrír fjórðu hlutar nafnorðanna í athugininni falla í fimm stærstu beygingarflokkana en sá fjórðungur sem eftir er skiptist í þá 22 flokka sem eftir eru. Í ljós kemur að þrátt fyrir fjölbreytileika beygingakerfisins virðist beyging nafnorða að verulegu leyti fyrirsegjanleg á grundvelli kyns og orðasafnsmyndar.

Getið í eyðurnar. Um eyður fyrir frumlög og andlög í eldri íslensku (132 bls.) eftir Þóru Björk Hjartardóttur, lektor. Í þessu riti eru teknar til athugunar setningar sem innihalda vísandi nafnliði án hljóðforms ("eyður"). Í nútímaíslensku eru slíkir liðir almennir í

frumlagsstöðu tengdrar aðalsetningar ef frumlag fyrri setningarinnar vísar til hins sama: *Þær komu í gær en ___ fóru aftur í morgun.* Á eldri málstigum íslensku giltu aðrar og rýmri reglur um vísandi nafnliði án hljóðforms. Höfundur safnaði dæmum um slíka liði úr 26 frásagnartextum rituðum á tímabilinu 1250-1900, flokkaði þau og athugaði dreifingu þeirra og útbreiðslu. Niðurstöður eru þær helstar að vísandi liðir án hljóðforms hafi verið mun fjölbreyttari og önnur skilyrði gilt um þá í íslensku allt fram á 18. öld en nú er. Einnig að þær fræðikenningar sem efniviðurinn er borinn að geti ekki skýrt eðli þessa fyrirbæris í eldri íslensku til hlítar. Því er gerð tilraun til endurskoðunar á nokkrum atriðum í þessum kenningum svo að heimfæra megi þær upp á íslenska efniviðinn.

Um frásagnarumröðun og grundvallarorðaröð í forníslensku ásamt nokkrum samanburði við nútímamál (179 bls.) eftir Halldór Ármann Sigurðsson, prófessor. Í upphafi er stiklað á stóru í fyrri skrifum málfræðinga um frásagnarumröðun ("öfuga orðaröð") í fornu máli. Þá er fjallað um tíðni frásagnarumröðunar í ótengdum setningum í forníslensku og meginniðurstaðan er sú að hún hafi iðulega verið stórlega ýkt og að orðaröðin *sögn -- frumlag* sé þar til muna fátíðari en *frumlag -- sögn*. Síðan er rætt um tíðni og dreifingu frásagnarumröðunar í tengdum setningum í fornu máli. Þar kemur í ljós að tíðnin er mjög mikil í tengdum aðalsetningum en sáralítill í aukasetningum. Einnig er fjallað nokkuð um skilyrði frásagnarumröðunar og hugsanlegt hlutverk í fornu máli. Að lokum er gerður samanburður á frásagnarumröðun í forníslensku og nútímamáli. Meginniðurstaða ritsins er sú að grundvallarorðaröð forníslensku hafi verið *frumlag -- sögn* en ekki *sögn -- frumlag* og að ekki hafi verið um stórvægilegar breytingar að ræða á frásagnarumröðun og notkun hennar frá formáli til nútímamáls.

Öll þessi rit fást í Bóksölu stúdenta og hjá Málvísindastofnun Háskólans.